



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Endurgreiðsluhlutfall lífeyris vegna LSRb árið 2021

Fyrir liggur tillaga stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar dags. 22. desember 2020 um að endurgreiðsluhlutfall launagreiðanda á greiddum lífeyri verði óbreytt m.v. fyrra ár og verði 73% á árinu 2021 í samræmi við tillögu tryggingastærðfræðings sjóðsins Bjarna Guðmundssonar.

Borgarstjórn ákveður endurgreiðsluhlutfall á greiddum lífeyri fyrir eitt ár í senn samkvæmt samþykktum lífeyrissjóðsins. Endurgreiðsluhlutfallið á að tryggja að iðgjöld starfsmanna og mótframlag hvers launagreiðanda að viðbættum endurgreiðslum á greiddum lífeyri standi að jafnaði undir þeim lífeyrisréttindum sem starfsmenn launagreiðanda munu njóta úr lífeyrissjóðnum.

Breytingin tekur mið af því að forsendum um lífslíkur var breytt við tryggingafræðilega athugun sem framkvæmd var á árinu 2020, miðað við lok árs 2019, sem er nýjasta athugun sem fyrir liggur.

Fjármála- og áhættustýringarsvið mælir með samþykkt fyrirbyggjandi tillögu.

Erindinu skal vísað til afgreiðslu borgarstjórnar.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.